

N Nemastofa atvinnulífsins



Fyrirmyndafyrirtæki Nemastofu atvinnulífsins 2024
Snyrtistofa Ágústu, Bílaumboðið Askja, Marel og Hasar.

Ársskýrsla 2024

Stjórnir Iðunnar fræðsluseturs og Rafmenntar stofnuðu Nemastofu atvinnulífsins þann 18. mars 2022. Árið 2024 var því annað heila starfsár félagsins.

Stjórn Nemastofu atvinnulífsins 2024

Á aðalfundi félagsins þann 13. mars 2024 voru eftirtalin skipuð í stjórn Nemastofu atvinnulífsins. Þór Pálsson formaður, Hildur Elín Vignir, Hulda Birna Kjærnested Baldursdóttir, Óskar Hafnfjörð Gunnarsson, Pétur Hákon Halldórsson og Andri Reyur Haraldsson. Breytingar urðu í stjórn Nemastofu atvinnulífsins á árinu þegar Hildur Elín Vignir hætti sem framkvæmdastjóri Iðunnar. Brynja Sigríður Blomsterberg tók hennar sæti í stjórn og síðar Vilborg Helga Harðardóttir framkvæmdastjóri Iðunnar. Samtals voru haldnir átta stjórnarfundir á árinu.

Tilgangur Nemastofu atvinnulífsins er eftirfarandi, að:

- hvetja fyrirtæki til að skrá sig á birtingalista fyrirtækja með nemaleyfi í iðngreinum og aðstoða þau eftir þörfum.
- hafa yfirsýn yfir fjölda nema í vinnustaðanámi og áætla þörf á nemaplássum í iðngreinum.
- bjóða þjálfun og fræðslu til iðnmeistara og tilsjónarmanna sem taka á móti nemum og efla færni þeirra í þjálfun nema og notkun rafrænna ferilbóka.
- vera samstarfsvettvangur umræðu um verkefni og viðfangsefni þjálfunar á vinnustað þ.m.t. inntak rafrænna ferilbóka.
- standa fyrir viðburðum og ráðstefnum um vinnustaðanám og veita verðlaun til fyrirmyndarfyrirtækja sem að taka nema.
- kynna iðn- og starfsnám og fjölbreytt störf í iðnaði.
- sinna verkefnum sem mennta- og barnamálaráðuneyti, Menntamálastofnun og/eða framhaldsskólar eftir atvikum fela Nemastofu samkvæmt samningi þar um.



Á stofnfundi félagsins í mars 2022 var skrifað undir samkomulag til teggja ára þ.e.a.s. fyrir árin 2022 og 2023 á milli þáverandi mennta- og barnamálaráðgjafar Ásmundar Einars Daðasonar um eftirfarandi verkefni, að:

- að fjölga fyrirtækjum í birtingaskrá til framtíðar
- að setja sér mælanleg markmið um fjölgun fyrirtækja fyrir árin 2022-2023
- að standa fyrir kynningarherferðum, leiðsögn og aðstoð með beinum hætti við einstök fyrirtæki/ iðnmeistara
- að fjölga nemaplássum og hvetja fyrirtæki, eftir stærð til að skilgreina varanleg nemapláss í rekstrinum
- að sinna og aðstoða iðngreinar sem búa við nemendafæð
- að leiðbeina fyrirtækjum um meðhöndlun og virkni birtingaskrár og rafrænnar ferilbókar m.a þegar kemur að kortlagningu einstakra verkþátta.
- að stuðla að góðu starfsumhverfi nema óháð kyni.



Verðlaunahafar á Nýsveinahátíðinni 2024


Verkefni Nemastofu atvinnulífsins árið 2024

Í takt við tilgang og markmið félagsins voru verkefni ársins; að stuðla að fjölgun faglærðs fólks í atvinnulífi; að fjölga nemum og námstækifærum í iðn- og starfsnámi; að styðja fyrirtæki sem bjóða vinnustaðanám s.s. kynna notkun og skráningu í ferilbók; að bjóða iðnmeisturum og tilsjónarfólki þjálfun og kennslu á vinnustað; að stuðla að jákvæðri vinnustaðamenningu í iðnfyrirtækjum; stuðla að jafnara kynjahlutfalli í námsvali ungs fólks og taka þátt í verkefnum sem miða að því að bæta enn frekar ímynd vinnustaðanáms.

Verkefnin:

- að fjölga fyrirtækjum sem bjóða iðnnemum vinnustaðanám til framtíðar og fjölga nemaplássum (skrá fyrirtæki í umsóknargátt MMS): Nemastofa hefur skráð um 85% fyrirtækja sem hafa bæst við birtingalista MMS á árinu 2024.

- Nemastofa hefur tekið saman upplýsingar frá MMS og InfoMentor um fjölda iðnnema í framhaldsskólum, um fjölda ferilbóka í iðngreinum, fjölda nemaplássna í iðngreinum, nýtingu nemaplássna og fl., Nemastofa birtir einnig yfirlit um fjölda nýsveina á árinu.
- Þjálfun og fræðsla fyrir iðnmeistara og tilsjónarfólk sem taka á móti nemum. Nemastofa hélt samtals 31 kynningar- fræðslufundi og námskeið á árinu. Þátttakendur voru 360.
- að leiðbeina iðnmeisturum og tilsjónarfólki um skráningu og notkun ferilbóka í iðngreinum. Nemastofa fór í samtals 37 fyrirtækjaheimsóknir með fræðslu og kynningar á notkun og skráningu í ferilbækur, auk þess sem síma- og teamsfundir voru haldnir.
- að taka þátt í viðburðum og ráðstefnum og veita verðlaun til fyrirmyndarfyrirtækja. Árlega veitir Nemastofa fyrirtækjum sem hafa staðið vel að þjálfun og kennslu iðnnema á vinnustað sérstaka viðurkenningu. Verðlaunaafhendingin fór fram þann 2. Febrúar 2024. Nemastofa hefur einnig tekið þátt ýmsum viðburðum og ráðstefnum sem tengist vinnustaðanámi.
- að kynna iðn- og starfsnámi og fjölbreytt störf í iðnaði. Nemastofa tók við rekstri heimasíðunnar www.namogstorf.is í ársbyrjun 2024 og hefur lagt áherslu á stöðugri uppfærslu á síðunni um námstækifæri í iðn- og starfsnámi, um fyrirmyndir í iðnnámi o.fl.
- Samstarf við framhaldsskóla er umtalsvert og tengist vinnustaðanámi s.s. að fylgja eftir skráningum fyrirtækja á birtingalista, nýtingu nemaplássna, vinnustaðanám í fámennum iðngreinum, um skráningu nemenda og iðnmeistara í ferilbók og fl.
- að vinna með starfsgreinaráðum og fulltrúum atvinnulífs að verkefnum og viðfangsefnum þjálfunar á vinnustað, yfirferð hæfnikrafna í iðngreinum. Nemastofa hefur tekið þátt í verkefnum starfsgreinaráða sem tengist hæfnikröfum í þeim iðngreinum sem þau hafa umsjón með.



Mælaborð Nemastofu atvinnulífsins árin 2023 og 2024

	2023	2024
Fjöldi iðnfyrirtækja á birtingalista	928	1240
Fjöldi starfsgreina í boði fyrirtækja	1062	1409
Skráð nemapláss á birtingalista	2714	3569
Nýting á skráðum nemaplássum	38,9%	44,4%
Fjöldi virkra iðnnema í framhaldsskólum - haustannir	4742	5071
Heildarfjöldi ferilbóka frá 1. sept 2021	1158	2614
Fjöldi iðnnema með virka ferilbók	946	1505
Fjöldi iðnnema með hefðbundin samning	212	93
Fjöldi iðnnema sem hafa lokið ferilbók	228	1109
Fjöldi nýsveina í iðngreinum á árinu	868	919
Fjöldi fyrirtækja sem Nemastofa skráir á birtingalista	179	246
Fyrirtækjaheimsóknir	22	37
Kynningar- vinnufundir og námskeið	22	20
Vinnufundir með framhaldsskólum	10	11
Fjöldi þátttakanda á kynningarfundum og námskeiðum	306	360
Viðburðir	11	2
Samráðsfundir	28	27
Kynningarefni á vefinn	3	4

Í árslok 2024 voru samtals 1240 fyrirtæki skráð á birtingalista MMS en þessi fyrirtæki eru skráð fyrir 3569 nemaplássum í samtals 32 iðngreinum. Í birtingalistanum eru samtals 85 fyrirtæki sem bjóða vinnustaðanám í tveimur eða fleirum starfsgreinum. Fjöldi starfsstöðva/starfsgreina í boði fyrirtækja var samtals 1409. Nýting á skráðum nemaplássum á haustönn 2024 var 44,4%. Á haustönn 2024 voru virkir nemar í iðnnámi samtals 5071 sem er þó nokkur fjölgun frá fyrra ári. Á árinu 2024 luku samtals 919 iðnnemar sveinsprófi sem er fjölmennasti hópur brautskráðra nýsveina frá síðustu aldamótum. Hefbundnum námssamningum fækkar en voru samtals 93 á haustönn 2024. Hefðbundnir samningar eru námssamningar sem voru gerðir fyrir gildistöku nýrrar reglugerðar um vinnustaðanám, þ.e.a.s. fyrir 1. ágúst 2021. Nemastofa skráði samtals 246 fyrirtæki í umsóknargátt Miðstöðvar menntunar og skólaþjónustu á árinu eða sem nemur um 85% af nýskráningum. Samtals hefur Nemastofa atvinnulífsins skráð 425 fyrirtæki í námsumsjónarkerfi vinnustaðanáms.

Kynningar og markaðsstarf

Nemastofa tók þátt í samráðfundum m.a. með Menntamálastofnun, Advaníu síðar InfoMentor og umsjónarfólki með rafrænum ferilbókum í framhaldsskólum, mennta- og barnamálaráðuneytinu, SA, SAF og fagfélögum um framkvæmd vinnustaðanáms. Nemastofa atvinnulífsins átti í samtals 11 vinnu- og kynningarfundum með framhaldsskólum á landinu.

Heimasíða Nemastofu, facebook – og Instagram síða félagsins voru uppfærð á árinu. Ákveðið var að fara í samstarf við vinnumiðlunina Alfreð en á vef Nemastofu er krækja á svæði þar sem laus nemapláss í iðnfyrirtækjum eru auglýst sérstaklega (www.alfred.is). Fréttaveita með örfréttum var sett upp á heimsíðunni sem í framhaldi eru birtar á facebook og instagram síðu Nemastofu.

Stjórn Nemastofu atvinnulífsins samþykkti að félagið taki við rekstri vefjarins www.namogstorf.is frá 1. janúar 2024 en unnið er að nánari tengingum og á milli vefs Nemastofu og vefjarins namogstorf.is. Fréttaveitunni er ætlað að kynna iðngreinar, fyrirmyndir í iðngreinum, fjalla um sveinspróf og góðan árangur á sveinsprófum, kynna iðn- og starfsnám, góðan árangur fyrirtækja í þjálfun nema á vinnustaða, um jákvæða vinnustaðamenningu, taka þátt í að byggja upp jákvæða ímynd af iðnnámi og iðngreinum, kynna tækifæri í iðnnámi, stuðla að jafnara kynjahlutfalli í iðngreinum, efla vitund um mikilvægi jákvæðarar vinnustaðamenningar og fl.

Fyrirmyndarfyrirtæki Nemastofu atvinnulífsins

Nemastofa tók þátt í nýsveinahátíð Iðnaðarmannafélags Reykjavíkur þann 2. febrúar 2024 og veitti fjórum fyrirtækum og iðnmeisturum sem hafa náð góðum árangri í þjálfun og kennslu nema á vinnustað sérstaka viðurkenningu. Fyrirmyndarfyrirtæki Nemastofu atvinnulífsins árið 2024 voru fyrirtækin; Hasar, Marel, Snyrtistofa Ágústu og Askja.



Á heimasíðu Nemastofu er kynning á fyrirtækjum sem hafa hlotið viðurkenningu sem fyrirmyndarfyrirtæki Nemastofu atvinnulífsins.

Fjármögnun

Iðan fræðslusetur og Rafmennt fjármagna rekstur Nemastofu atvinnulífsins.

Mennta- og barnamálaráðuneytið veitti Nemastofu styrk, samtals 10. milljónir, í tilgreind átaksverkefni fyrir árin 2021 til 2022.

Gæðakerfi og sjálfbærnistefna

Stjórn Nemastofu atvinnulífsins samþykkti gæðakerfi og sjálfbærnistefnu fyrir félagið. Sjá nánar á heimasíðu félagsins.

Umsagnir um lög og reglugerðir

Nemastofa og fulltrúar úr stjórn tóku þátt í „stöðumati um framkvæmd og innleiðingu á reglugerð nr. 180/2021 um vinnustaðanám“ með MMRN og lögðu fram tillögur til úrbóta á framkvæmd vinnustaðanáms.